



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 25. febrúar 2020  
Tilvísun í mál: R19120169

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

**Efni: Starfshópur um endurskoðun á reglum um notkun símtalagagna**

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á reglum um notkun símtalagagna. Hlutverk hópsins er að endurskoða og yfirfara reglur um notkun símtalagagna m.t.t. laga um meðferð persónuupplýsinga, reglur um rafræna vöktun, laga um opinber skjalasöfn og mögulega aðra þætti er snerta á viðfangsefninu.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt: Drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á reglum um notkun símtalagagna

## **E R I N D I S B R É F**

### **Starfshópur um endurskoðun reglna um notkun símtalagagna.**

**Ábyrgðarmaður:** Óskar J. Sandholt

**Inngangur:**

Í gildi eru hjá Reykjavíkurborg reglum notkun símtalagagna. Reglurnar öðluðust gildi 26. ágúst 2015. Samkvæmt 8.gr reglnanna skulu þær yfirfarnar á a.m.k. 24 mánaðafresti.

**Hlutverk:**

Hlutverk hópsins er að endurskoða og yfirfara reglur um notkun símtalagagna m.t.t. laga um meðferð persónuupplýsinga, reglur um rafræna vöktun, laga um opinber skjalasöfn og mögulega aðra þætti er snerta á viðfangsefninu.

**Helstu verkefni/viðfangsefni:**

- Endurskoða reglur um notkun símtalagagna.
- Yfirfara reglurnar miðað við nýtt stjórnskipulag Reykjavíkurborgar
- Yfirfara reglurnar miðað við laga- og reglubreytingar sem kunna hafa orðið.

**Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Arna Ýr Sævarsdóttir (formaður), Þjónustuhönnun, ÞON.

Dagbjört Jónsdóttir, skrifstofa sviðstjóra, ÞON.

Kjartan Kjartansson, Upplýsingatækniþjónusta, ÞON.

Þórir Helgi Sigvaldason, Borgarskjalasafn, ÞON

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Kristín Berg Bergvinsdóttir, Stafræn Reykjavík ÞON.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni endurskoðuðum reglum fyrir lok 8. apríl 2020.

Reykjavík, 21. febrúar 2020.

Óskar J. Sandholt